



# Stjórnarháttayfirlýsing

## indó sparisjóðs hf. 2025

### 1. INNGANGUR

Stjórnarhættir indó sparisjóðs hf. („sparisjóðurinn“ eða „indó“) markast af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, lögum nr. 3/2006 um ársreikninga, og afleiddum reglum og leiðbeinandi tilmælum Seðlabanka Íslands.

Indó leggur upp með að fylgja öllum þeim reglum og viðmiðunarreglum sem í gildi eru hvað varðar góða stjórnarhætti. Þær reglur sem indó tekur helst mið af eru viðmiðunarreglur Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja (EBA/GL/2017/11) sem leiðir af reglugerð ESB nr. 1093/2010 og lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði. Ásamt því hefur EBA birt endurskoðaðar viðmiðunarreglur um innri stjórnarhætti (EBA/GL/2021/05) sem nær til starfsemi indó frá og með 31. desember 2021.<sup>1</sup>

Þá fylgir sparisjóðurinn viðurkenndum leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Nasdaq Iceland um stjórnarhætti fyrirtækja („leiðbeiningarnar“)<sup>2</sup>, eftir því sem við á. Yfirlýsing þessi er samin á grundvelli „fylgdu eða skýrðu“ (e. comply or explain) reglunnar. Þeim atriðum sem sparisjóðurinn vîkur frá er lýst sérstaklega í viðkomandi köflum hér á eftir.

Indó hefur starfsleyfi sem sparisjóður skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Um starfsemi indó gilda m.a. lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, lög um hlutafélög nr. 2/1995, lög um greiðsluþjónustu nr. 120/2011 og lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018.<sup>3</sup>

Stjórnarháttayfirlýsing indó skal endurskoðuð árlega af stjórn og oftár ef þörf krefur.

### 2. INNRA EFTIRLIT OG ÁHÆTTUSTÝRING

Sparisjóðurinn leggur ríka áherslu á sjálfstæði eftirlitseininga frá viðskiptaeyningum sem viðkomandi eftirlitseyning hefur eftirlit með. Stjórnandi eftirlitseyningar heyrir ekki undir aðila sem ber ábyrgð á starfsemi sem eftirlitseyning hefur eftirlit með.

<sup>1</sup> Sjá viðmiðunarreglur á [vef Seðlabankans](#)

<sup>2</sup> Sjá leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja á [leidbeiningar.is](#)

<sup>3</sup> Sjá viðeygandi löggjöf á [althingi.is](#)



Áhættustefna sparisjóðsins er samþykkt af stjórn og er uppfærð reglulega. Stefna sparisjóðsins um áhættustýringu hefur þann tilgang að viðhalda yfirsýn og viðeigandi stýringu áhættu í starfsemi sparisjóðsins.

Stjórn skilgreinir árlega þá áhættuþætti sem sparisjóðurinn þarf að takast á við, þ.á.m. eðli þeirra og umfang, auk þess skilgreinir hún viðbrögð við þeirri áhættu sem um ræðir. Um er að ræða lið í virkri áhættustjórnun sem felur m.a. í sér að stjórn sparisjóðsins metur árlega efnahag, greiðsluhæfi og eigið fé sparisjóðsins og framkvæmir álagsprófanir ef þörf krefur.

Stjórn sparisjóðsins staðreynir reglulega virkni innra eftirlits og áhættustýringar. Stjórnin getur falið aðilum innan sparisjóðsins framkvæmd tiltekinna þátta, en þó þannig að hún sé upplýst um framvindu þeirra. Þegar ábyrgð á framkvæmd eftirlitsaðgerða er falin tilteknum undireiningum eða stjórnendum innan sparisjóðsins er það gert með formlegum hætti þannig að enginn vafi sé á hvar ábyrgðin liggir og hvernig skuli bregðast við frávikum.

Stjórn sparisjóðsins ber ábyrgð á því að fyrir hendi sé virkt kerfi innra eftirlits hjá sparisjóðnum. Þetta kerfi byggir á þremur varnarlínum (e. three lines of defense). Allar þrjár línurnar vinna saman að verðmætasköpun og varðveislu verðmæta. Með góðum samskiptum, samráði og samvinnu þessara þriggja lína er hægt að viðhalda skilvirku innra eftirliti.

Varnarlínur sparisjóðsins má skilgreina sem eftirfarandi:

*Fyrsta varnarlína* samanstendur af stjórnendum og starfsmönnum sparisjóðsins sem fara með daglegan rekstur þess, vörupróun og markaðssetningu. Fyrsta varnarlína heyrir undir sparisjóðsstjóra og hefur hann umsjón með henni.

*Önnur varnarlína* er áhættustýring og regluvarsla og heyrir undir sparisjóðsstjóra en er með beinan aðgang að stjórn. Tilgangur hennar er að fylgjast með hvort fyrsta varnarlína komi á fullnægjandi innra eftirliti sem virki sem skyldi og að starfsemi sparisjóðsins samrýmist þeim lögum og reglum, stefnum, viðmiðum, áhættuvilja og áhættuþoli sem um hana gilda og stjórn hefur, eftir atvikum, samþykkt.

*Þriðja varnarlína* er innri endurskoðun og heyrir hún beint undir stjórn sparisjóðsins. Innri endurskoðun heldur stjórn og stjórnendum upplýstum um gæði stjórnarháttá, áhættustýringar og innra eftirlits, m.a. með því að framkvæmda reglulega óháða og sjálfstæða endurskoðun á viðkomandi þáttum.

### 3. ÁHÆTTUSTÝRING

Skipulag áhættustýringar miðar að því að tryggja skilvirkni, virka áhættustýringu, góða viðskiptahætti, áreiðanleika fjárhagsupplýsinga og annarra upplýsinga innan og utan sparisjóðsins, ásamt fylgni við viðeigandi lög, reglur, tilmæli og innri reglur sparisjóðsins.

Sparisjóðurinn tekur áhættu sem rúmast innan áhættuvilja stjórnar, og er sá vilji endurskoðaður með reglubundnum hætti og staðfestur af stjórn. Áhættustýring er sjálfstæð stjórnunareining og heyrir beint undir sparisjóðsstjóra, og skal áhættustjóri tryggja að



reglulega séu veittar upplýsingar til stjórnar og sparisjóðsstjóra, áhættur greindar og með þeim fylgst. Nánar er kveðið á um tilhögun, verksvið og valdheimildir áhættustýringar í stefnu sparisjóðsins um *Áhættustýringu og innra eftirlit*.

#### **4. REGLUVARSLA**

Regluvörður er skipaður af sparisjóðsstjóra og er ráðning hans staðfest af stjórn. Regluvörður starfar samkvæmt erindisbréfi sem samþykkt er af stjórn sparisjóðsins. Regluvörður er ábyrgur fyrir því að meta og fylgjast með hvort sparisjóðurinn starfi í samræmi við lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018. Eins ber regluvörður ábyrgð á eftirliti með hlitingaráhættu sparisjóðsins. Regluvarsla heyrir undir sparisjóðsstjóra sparisjóðsins í samræmi við skipurit sparisjóðsins. Nánar er kveðið á um tilhögun, verksvið og valdheimildir regluvörslu í stefnu sparisjóðsins um *Áhættustýringu og innra eftirlit*.

#### **5. INNRI ENDURSKOÐUN**

Stjórn sparisjóðsins og sparisjóðsstjóri bera ábyrgð á að fullnægjandi innra eftirlit og innri endurskoðun sé ávallt til staðar innan sparisjóðsins. Innri endurskoðandi er skipaður af, og heyrir beint undir, stjórn sparisjóðsins í samræmi við skipurit sparisjóðsins. Stjórn sparisjóðsins setur innri endurskoðanda erindisbréf sem skilgreinir ábyrgð og umfang vinnu hans. Innri endurskoðandi starfar sjálfstætt frá öðrum deildum sparisjóðsins í samræmi við 16. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Innri endurskoðun veitir stjórn sparisjóðsins óháða og hlutlæga staðfestingu á því og ráðgjöf hvort ferli sparisjóðsins varðandi áhættustýringu, innra eftirlit og stjórnarhætti séu fullnægjandi.

#### **6. YTRI ENDURSKOÐUN**

Sparisjóðsstjóri sér til þess að stjórn fái reglulega nákvæmar upplýsingar um fjármál, uppbyggingu og rekstur sparisjóðsins og endurskoðunarnefnd stjórnar aðstoðar stjórn við að uppfylla eftirlitsskyldur sínar í tengslum við birtingu fjárhagsupplýsinga og innra eftirlit. Ársuppgjör sparisjóðsins eru birt opinberlega. Óaðskiljanlegur hluti af reikningskilum sparisjóðsins eru skýringar áhættustýringar í ársreikningi sparisjóðsins. Ytri endurskoðendur endurskoða ársreikning félagsins.

Aðalfundur kýs endurskoðunarfyrtæki í samræmi við samþykktir sparisjóðsins. Tillaga stjórnar til aðalfundar byggir á tillögu endurskoðunarnefndar um val á endurskoðunarfyrtæki.

KPMG ehf. var kjörið endurskoðunarfélag sparisjóðsins á síðasta aðalfundi og annast endurskoðun sparisjóðsins. Ytri endurskoðendur kanna hálfársuppgjör og endurskoða ársuppgjör sparisjóðsins. Í samræmi við samþykktir félagsins og lög um fjármálafyrirtæki skal kjósa endurskoðunarfélag á aðalfundi félagsins.



## 7. STJÓRN INDÓ SPARISJÓÐS

Stjórn sparisjóðsins fer með æðsta vald í málefnum sparisjóðsins á milli hluthafafunda, nema þegar lög eða samþykktir sparisjóðsins kveða á um annað. Stjórn ber ábyrgð á starfsemi sparisjóðsins, stefnumótun hans og að skipulag og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi, sbr. 54. gr. laga nr. 161/2002. Stjórn hefur sett sér starfsreglur sem skilgreina hæfi, skyldur og verkaskiptingu stjórnar.

Stjórn sparisjóðsins er skipuð fimm aðalmönnum og tveimur til vara, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Meirihluti stjórnarmanna er óháður sparisjóðnum og daglegum stjórnendum hans.

Stjórnarfundir á árinu 2025 voru 22 talsins og var stjórn ákvörðunarbær á öllum fundum.

### Upplýsingar um stjórnarmenn:

**Sigpór Sigmarsson – formaður stjórnar:** Sigpór er sjálfstætt starfandi fjárfestir með bakgrunn í bankastarfsemi, fjárfestingum hjá Novator og stjórnarformennsku hjá Nova auk ýmissa sprotafyrirtækja.

Sigpór á 36.748 hluti í indó og aðili sem er fjárhagslega tengdur Sigpóri á 7.73% hlut í sparisjóðnum og ræður yfir 677.564 hlutum. Sigpór telst óháður sparisjóðnum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila sparisjóðsins.

**Gréta María Grétarsdóttir – varaformaður stjórnar:** Gréta María býr yfir viðtækri reynslu úr atvinnulífinu og hefur gegnt ýmsum stjórnunarstöðum í íslenskum fyrirtækjum, þar á meðal sem framkvæmdastjóri Pris, forstjóri Heimkaupa, forstjóri Arctic Adventures og framkvæmdastjóri Krónunnar.

Gréta María og tengdir aðilar eiga 40.520 hluti í indó og telst óháð sparisjóðnum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila sparisjóðsins.

**Benedikt Egill Árnason – meðstjórnandi:** Benedikt Egill er framkvæmdastjóri LOGOS slf. og er jafnframt einn af eigendum stofunnar. Benedikt er lögmaður með LL.M. gráðu í alþjóðlegri fjármögnun frá King's College í London og hefur lokið prófi í verðbréfamíðlun. Benedikt á enga hluti í indó og telst óháður sparisjóðnum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila sparisjóðsins, önnur en að LOGOS slf. veitir sparisjóðnum lögfræðiráðgjöf.

**Jóhann Friðgeir Haraldsson – meðstjórnandi:** Jóhann er verkfræðingur og leiðir tækniþróun hjá fjártækniyrirtækinu Lucinity. Hann hefur áður gegnt stjórnunarstöðum hjá Flögu, Actavis og Íslandsbanka.



Jóhann og tengdir aðilar eiga 5.000 hluti í indó og telst óháður sparisjóðnum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila sparisjóðsins.

**Olga Stefánsdóttir – meðstjórnandi:** Olga er ráðgjafi hjá Advisense í Svíþjóð. Hún er með viðtæka reynslu af áhættustýringu og stefnumótun m.a. frá leiðtogastörfum í fjártæknibankanum Klarna og á íslenskum bankamarkaði. Olga á enga hluti í indó og telst óháð sparisjóðnum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila sparisjóðsins.

Það er mat stjórnar að allir stjórnarmenn séu óháðir sparisjóðnum og daglegum stjórnendum hans, sem og stórum hluthöfum, í skilningi viðmiðs 2.3.1 í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Varamenn í stjórn eru þau Rikharð Ottó Rikharðsson og Dóra Hlín Gísladóttir.

#### **Nefndarmenn utan stjórnar:**

**Porgils Óttar Mathiesen – formaður endurskoðunarnefndar:** Porgils Óttar er löggiltur endurskoðandi með áratuga reynslu af störfum úr íslensku atvinnulífi. Hann hefur starfað í fjármála-, trygginga- og fasteignageiranum en frá ársbyrjun 2010 til ársloka 2024 starfaði hann hjá KPMG á Íslandi.

Porgils og tengdir aðilar eiga 10.000 hluti í indó og telst óháður sparisjóðnum og stórum hluthöfum hans.

## **8. UNDIRNEFNDIR STJÓRNAR**

Til að auka skilvirkni og dýpka umfjöllun um mikilvæg málefni hefur stjórn sparisjóðsins skipað tvær fastar undirnefndir: Endurskoðunarnefnd og Áhættunefnd. Nefndirnar starfa eftir starfsreglum sem stjórn setur og eru aðgengilegar á vefsíðu indó.

#### **Endurskoðunarnefnd**

Endurskoðunarnefnd starfar í samræmi við IX. kafla A laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Hlutverk nefndarinnar er m.a. að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, virkni innra eftirlits og áhættustýringu í tengslum við fjárhagsupplýsingar, auk þess að hafa eftirlit með endurskoðun ársreiknings og óhæði ytri endurskoðanda. Nefndin er skipuð þremur mönnum og er formaður hennar óháður sparisjóðnum og hefur sérþekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar.

- **Nefndarmenn:** Porgils Óttar Mathiesen (formaður), Benedikt Egill Árnason, Sigpór Sigmarsson.
- **Fundasókn:** Nefndin hélt sex fundi á árinu og var ákvörðunarbær á þeim öllum.

#### **Áhættunefnd**

*Stjórnarháttayfirlýsing*

*indó sparisjóður hf.*



Áhættunefnd starfar í samræmi við 78. gr. laga nr. 161/2002. Hlutverk nefndarinnar er að vera stjórn til ráðgjafar um áhættustefnu og áhættuvilja sparisjóðsins og hafa eftirlit með því að farið sé eftir áhættustefnu sparisjóðsins. Nefndin er skipuð þremur stjórnarmönnum sem búa yfir fullnægjandi þekkingu til að skilja og hafa eftirlit með áhættustefnu sparisjóðsins.

- **Nefndarmenn:** Olga Stefánsdóttir (formaður), Gréta María Grétarsdóttir, Jóhann Friðgeir Haraldsson.
- **Fundasókn:** Nefndin hélt átta fundi á árinu og var ákvörðunarbær á þeim öllum.

### Frávik frá leiðbeiningum - Tilnefningarnefnd og starfskjaranefnd

Sparisjóðurinn starfrækir hvorki sérstaka tilnefningarnefnd né starfskjaranefnd og vikur þar með frá leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands. Frávikið byggir á smæð sparisjóðsins og þeirri staðreynd að indó telst ekki kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki í skilningi laga nr. 161/2002. Stjórn sparisjóðsins sinnir hlutverki þessara nefnda óskipt, eftir því sem við á, og tryggir að starfskjarastefna sé lögð fyrir aðalfund til samþykktar í samræmi við 57. gr. a laga nr. 161/2002 og 79. gr. a laga nr. 2/1995. Stjórn sparisjóðsins hefur í hyggju að setja á fót tilnefningarnefnd og starfskjaranefnd þegar umfang rekstrar gefur tilefni til.

### Frávik frá leiðbeiningum - Stefna um fjölbreytileika

Sparisjóðurinn hefur ekki sett sér formlega stefnu um fjölbreytileika í tengslum við stjórn og framkvæmdastjórn, sbr. 4. tölul. 2. mgr. 66. gr. c laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Ástæða þess er smæð sparisjóðsins og einfalt skipulag á uppbyggingartíma hans.

Þrátt fyrir skort á formlegri stefnu hefur verið lögð áhersla á að stjórnarmenn og stjórnendur búi yfir breiðri og fjölbreyttri þekkingu og reynslu sem nýtist í rekstri sparisjóðsins, í samræmi við kröfur 52. gr. laga nr. 161/2002 og reglna nr. 150/2017 um hæfismat. Stjórn sparisjóðsins uppfyllir ákvæði 63. gr. laga nr. 2/1995 um kynjahlutföll í stjórn.

Stjórn sparisjóðsins hefur í hyggju að móta og staðfesta formlega stefnu um fjölbreytileika á komandi starfsári til að uppfylla að fullu ákvæði 4. mgr. 52. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

## 9. SPARISJÓÐSSTJÓRI

Tryggvi Björn Davíðsson (f. 1973) var ráðinn sparisjóðsstjóri indó þann 25. febrúar 2025. Hann er annar af stofnendum indó og gegndi áður starfi rekstrarstjóra sparisjóðsins. Tryggvi Björn hefur á ferli sínum starfað hjá Barclays í Lundúnum og sem framkvæmdastjóri markaða hjá Íslandsbanka. Tryggvi er með MBA gráðu frá INSEAD í Frakklandi og MS-gráðu í fjármálum frá Université Sciences Sociales í Toulouse. Hlutfjáreign Tryggva og fjárhagslega tengdra aðila í indó nemur 1.139.225 hlutum. Tryggvi sinnir engum öðrum trúnaðarstörfum og engin hagsmunatengsl eru til staðar við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila sparisjóðsins.

Sparisjóðsstjóri annast daglegan rekstur sparisjóðsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn hefur gefið. Sparisjóðsstjóri skal ávallt starfa af heilindum með hagsmuni indó að leiðarljósi.



## 10. SJÁLFBÆRNI OG SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

### Frávik frá leiðbeiningum - Sjálfbærnistefna

Indó hefur ekki sett sér formlega, heildstæða sjálfbærnistefnu sem nær til umhverfis-, samfélags- og stjórnarháttanna (ESG) í samræmi við viðmið 2.9.1 í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Ástæða fráviksins er að indó er enn á uppbyggingarstigi. Stjórn sparisjóðsins telur, með hliðsjón af smæð sparisjóðsins, einföldu skipulagi og eðli rekstrarins, að umfangsmikil stefnumótun og upplýsingagjöf um sjálfbærniþætti sé ekki í réttu hlutfalli við umfang starfseminnar að svo stöddu, sbr. meðalhófsreglu 2. mgr. 50. gr. laga nr. 161/2002. Sparisjóðurinn er enn að móta innri ferla sína og hefur forgangsraðað uppbyggingu kjarnastarfsemi og áhættustýringu. Umhverfisspor starfseminnar er jafnframt talið óverulegt miðað við umfang.

Indó hefur þó sett sér Siðareglur (Háttsemisstefnu) sem allir starfsmenn vinna eftir og mynda grunn að ábyrgum viðskiptaháttum.

### Samfélagsleg ábyrgð

Sparisjóðurinn rækir samfélagslegt hlutverk sitt og mun ráðstafa 5% af hagnaði ársins fyrir skatta til samfélagslegra verkefna á starfssvæði sínu, í samræmi við 63. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Sparisjóðurinn hyggst rækja lögbundið samfélagslegt hlutverk sitt með því að styðja við fjölbreytt starf á sviði menninga-, iþróttar-, félags- og umhverfismála, auk þess sem sparisjóðurinn hyggst veita nýsköpunar- og frumkvöðlaverkefnum brautargengi.

Stjórn sparisjóðsins fylgist með þróun laga og reglna um sjálfbærni og stefnir að mótun formlegrar sjálfbærnistefnu þegar umfang starfseminnar eykst.

## 11. SAMSKIPTI MILLI HLUTHAFA OG STJÓRNAR

Hluthafar í indó sparisjóði hf. voru 56 talsins í árslok 2025. Stjórn hefur samskipti við hluthafa í samræmi við lög, samþykktir sparisjóðsins og starfsreglur stjórnar. Beini hluthafar fyrirspurnum til stjórnar sparisjóðsins skal stjórn tilkynnt um þær og skal formaður stjórnar stýra þeim samskiptum.

Stjórnarmönnum ber í störfum sínum og við ákvarðanatöku að starfa með hagsmuni sparisjóðsins og allra hluthafa að leiðarljósi, samkvæmt ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög, laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og annarra reglna og fyrirmæla sem gilda um starfsemi indó.

Hluthafafundir, sem fara með æðsta vald í málefnum sparisjóðsins, eru meginvettvangur fyrir upplýsingagjöf og samskipti við hluthafa. Aðalfundur er haldinn fyrir lok apríl ár hvert. Stjórn stuðlar að því að hluthafar geti beitt ákvörðunarvaldi sínu og komið sjónarmiðum sínum á framfæri, m.a. með því að tryggja möguleika á rafrænni þátttöku í samræmi við samþykktir sparisjóðsins og 80. gr. a laga nr. 2/1995.



## 12. ÁRANGURSMAT STJÓRNAR

Stjórn sparisjóðsins framkvæmir árlegt árangursmat til að leggja mat á árangur sparisjóðsins í heild, þ.e. leggur mat á eigin störf og hins vegar á störf sparisjóðsstjóra indó og rekstur sparisjóðsins. Stjórn framkvæmdi síðast sjálfsmat í desember 2025 og tók afstöðu til sameiginlegs hæfis stjórnar og einstakra stjórnarmanna. Stjórnin ályktaði að hún sem heild og einstakir stjórnarmenn búi yfir nægilegri reynslu og þekkingu til að uppfylla hæfisskilyrði laga um fjármálafyrirtæki.

## 13. ÁKVARÐANIR EFTIRLITS- OG ÚRSKURÐARAÐILA

Á árinu 2025 bárust engar athugasemdir frá eftirlitsaðilum um brot á lögum eða reglum sem höfðu í för með sér viðurlög. Engir dómur eða úrskurðir hafa fallið í málum sem sparisjóðurinn hefur átt aðild að.

Stjórnarháttayfirlýsing þessi var yfirfarin og samþykkt af stjórn indó þann 12. mars 2026.